

**Efni: Króksfjarðarnes og Geiradalur – breytingu á aðalskipulagi**

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna kynningar á tillögu aðalskipulagsbreytingar fyrir Króksfjarðarnes og Geiradal í Reykholahreppi. Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér málið og hefur nokkrar ábendingar.

Í kafla 2.3 – Verndarsvæði er fjallað um verndarsvæði Breiðafjarðar og tekið er fram að svæðið sé utan verndarsvæðisins. Breiðafjarðarnefnd telur að breyta þurfi framsetningu verndarsvæðisins í kynningu með tilliti til „kafla 5.2.2 – atvinnulíf“ vegna fyrirhugaðs leyfis fyrir uppbyggingu smábáta- og ferjubryggju á svæðinu, sbr. mynd 1 fyrir neðan.


Nr.	Heiti	Stærð [ha]	Skilmálar
<b>H-7</b>	<b>Króksfjarðarnes</b>	1,5	Smábáta og ferjubryggja með tilheyrandi aðstöðu. Vanda skal frágang og umgengni.

Mynd 1: Tillaga að breytingu aðalskipulags er varðar smábáta og ferjubryggju á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd leggur til að uppfæra yfirlit yfir umhverfispætti og helstu áhrifapætti í töflu 1 á bls. 15 vegna staðsetningar skipulagssvæðisins við verndarsvæði Breiðafjarðar. Nefndin telur að bættu þurfi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar<sup>1</sup> undir viðmið fyrir landslag vegna ofanefndrar skipulagsbreytingar H-7 við Króksfjarðarnes. Breiðafjörður er m.a. verndaður vegna landslags, sbr. 1. grein laga um vernd Breiðafjarðar.

Virðingarfyllst,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

<sup>1</sup> Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>